



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu þriðjudaginn 30.08.2016, kl. 18:00

Mættir: Sigurður Bjarnason, Þorsteinn Þorbergsson, Kristján B. Thorlacius, Ásta Kristjánsdóttir, Sigríður Dís Guðjónsdóttir, Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir, Þorsteinn Júlíus Árnason. Einnig sat fundinn Ása Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

Fundagerð:

Formaður, Sigurður Bjarnason, setti fundinn og stýrði

1. Fundagerð frá 11.08.2016 lögð fyrir
Niðurstaða: fundagerðin var samþykkt

2. Uppgjör og fjárhagsstaða - janúar til júlí 2016

Farið var yfir fjárhagsstöðu deilda fyrstu 7 mánuða ársins. Fjárhagur hverrar deildar er aðskilin milli barna og unglingastarfs annarsvegar og afreksstarfs hinsvegar.

Niðurstaða: Gæta þarf góðs aðhalds í fjármálum deildanna, má þá sérstaklega nefna fimleikadeild, handboltadeild og körfuboltadeild. Framkvæmdastjóri, fjármálastjóri og Þorsteinn gjaldkeri aðalstjórnar munu fylgja þessum málum eftir á haustmánuðum og uppfæra stjórn.

3. Fjárhagsáætlun fimleikadeildar

Framkvæmdastjóri kynnt nýtt reikniskjal sem notað var við útreikninga á rekstararkostnaði og rekstrargjöldum fimleikadeildar. Einnig var útkomuspá fyrir árið 2016 kynnt.

Niðurstaða: Erfiður niðurskurður hefur verið tekin í fimleikadeild til að reyna að snúa við rekstri deildarinnar, fylgja þarf þessum aðgerðum vel eftir með aðhaldi á innheimtumálum og góðri yfirsýn yfir stærðir hópa og fjölda þjálfara á hópa.

4. Innheimta æfingagjalda

Farið var yfir fyrri ákvörðun stjórnar að hætta að bjóða upp á innheimtu æfingagjalda með kreditkortum. Þessari ákvörðun var byrjað að vinna eftir í fimleikadeild og sunddeild síðastliðin áramót.

Niðurstaða: Nú verður þessi ákvörðun færð yfir á aðrar deildir félagsins, framkvæmdastjóri ætlar hinsvegar að hitta fulltrúa Borgunar til að fara yfir þessi mál og sjá hvort hægt sé að finna betri framkvæmd sem gæti nýst Stjörnunni.

5. Körfuknattleiksdeild, fjárhagsstaða – til upplýsinga frá seinasta fundi



Niðurstaða: Farið var yfir þau samtöl og aðgerðir sem lagt var upp með eftir fund Þorsteins gjaldkera, framkvæmdastjóra og fjármálastjóra. Þessir þrír aðilar munu halda áfram að fylgja málinu eftir og upplýsa stjórn.

6. Önnur mál – til upplýsinga:

a. Samningar við Garðabæ

Niðurstaða: Sigurður formaður hefur verið í samtali við Gunnar Einarsson Bæjarstjóra, Kristján, Sigurður og framkvæmdastjóri munu vinna þetta mál áfram hratt því mikilvægt er að koma hugmyndum okkar sem fyrst til bæjaryfirvalda.

b. Staða á nefnd um húsnæðismál Stjórnunar

Niðurstaða: verið er að bíða eftir samþykktum á nýju deiluskipulagi fyrir Stjörnusvæðið, að því loknu verður nefnd kölluð saman sem skilar þarfagreiningu og niðurstöðum til aðalstjórnar.

c. Vetarstarf og verðskrár

Niðurstaða: greining á æfingagjöldum og ákvaðanir um verðskrá verður framvegis í höndum starfsmanna skrifstofu Stjórnunar sem vinnur að þessa vinnu í samráði við yfirþjálfara/rekstrarstjóra hverrar deildar fyrir sig.

Eins verða allir samningar við þjálfara færðir í hendur yfirþjálfara og starfsmanna skrifstofu sem þarf að kvitta upp á alla samninga til að tryggja lögmæti þeirra.

d. Formaður fimleikadeildar,

Niðurstaða: Hrafnhildur María Gunnarsdóttir var tilnefnd sem formaður fimleikadeildar sem var samþykkt af aðalstjórn.

e. Formaður knattspyrnudeildar

Niðurstaða: Sigurður formaður hefur verið í samskiptum við Almar núverandi formann varðandi skipan nýs formanns knattspyrnudeildar. Tilnefna þarf nýjan formann fyrir aðalstjórn fyrir næsta stjórnarfund sem haldin verður 28.september næstkomandi.

fundi var slitið kl. 19:40, Ritað ÁÍÞ